



Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður

Alþingi
Erindi nr. P 139/864
komudagur 9.12.2010

Reykjavík, 9. desember 2010
R10120044
KSt/ás

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum o.fl. (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja), 197. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 208. mál

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. og fleiri lögum sem varðar kerfisbreytingu á skattlagningu ökutækja. Af því tilefni vill Reykjavíkurborg koma eftirfarandi athugasemdum að við frumvarpið:

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins skal í stað þess að miða bifreiðagjald við þyngd ökutækis verði það miðað við útblástur bifreiðar ef magn útblásturs frá viðkomandi ökutæki er þekkt. Þar sem ætla verður að þessi kerfisbreyting sé forsenda þess að hægt verði að hrinda í framkvæmd tillögu tekjustofnanevndar frá október sl., um að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í gjöldum af umferð í þéttbýli, umhverfissköttum og hlutdeild í kolefnisgjaldi, styður Reykjavíkurborg efni frumvarpsins.

Ekki verður hins vegar séð að lagðar séu til neinar breytingar á skattalegu umhverfi almenningsgangna á vegum sveitarfélaga. Reykjavíkurborg minnir á að starfshópur um að efla almenningsgangur, sem samgönguráðherra skipaði 2007, skilaði á miðju ári 2008 skýrslu þar sem m.a. var lagt til að álögur á almenningsgangur í þéttbýli yrðu endurskoðaðar. Fyrirtæki sveitarfélaga sem sinna almenningsgangum, þ.m.t. Strætó bs. fá nú endurgreidd 80% af olúgjaldi en fá ekki endurgreiddan virðisaukaskatt sem lagður er á olúgjaldið í upphafi. Það þýðir að í raun er endurgreiðslan ekki 80% heldur um 53% að teknu tilliti til greidds virðisaukaskatts.

Þá hafa sveitarfélögin árum saman eða frá árinu 2000, mátt búa við það að bráðabirgðaákvæði nr. X við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, um tímabundna heimild til endurgreiðslu 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða, nær ekki til almenningsvagna. Gildistími ákvæðisins hefur verið framlengdur reglulega og eru nú uppi áform um að framlengja hann um eitt ár til viðbótar sbr. 12. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 208. mál, enn og aftur án þess að það verði látið ná til almenningsvagna.

Reykjavíkurborg hefur ítrekað kallað eftir breytingum á lagaákvæðum varðandi skattlagningu ríkissjóðs á almenningsgangum. Rekstur almenningsgangna er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með rekstri Strætó bs. auk fleiri sveitarfélaga hafa hins vegar axlað samfélagslega ábyrgð með rekstri almenningsgangna. Tímabært er að ríkið taki þátt í því verkefni með sveitarfélögunum. Fyrsta skrefið í því væri að láta af ranglátum álögum.

Kristbjörg Stephensen,
borgarlögmaður